

Nð.

751. Nefndarálit

nm frv. til laga um viðauka við lög nr. 56, 31. maí 1927, nm skemtanaskatt og þjóðleikhús.

Frá meiri hlnta mentamálanefndar.

Meiri hluti nefndarinnar er fyllilega sammála flutningsmönnum frv. um nauðsyn þess að hrinda ríkisútvarpinu í framkvæmd svo fljótt sem unt er, en telur þó aðrar leiðir heppilegri en að taka þjóðleikhússjóðinn að láni í því augnamiði. Það er svo best að gleðja einn, að hryggja ekki annan. Stjórn þjóðleikhússjóðsins er því mjög mótfallin, að sjóðstjórnin verði af henni tekin um lengri eða skemri tíma, en hinsvegar telur meiri hl. nefndarinnar kleift að útvega fje til ríkisútvarps með öðrum hætti. Örugt má telja, að lán megi fá til að stofna og reka ríkisútvarpið erlendis eða innanlands, sem máske væri tiltækilegra, hjá öðrum sjóðum en þjóðleikhússjóðnum, t. d. landhelgissjóði, bjargráðasjóði eða brunabótafjelaginu. Þarf að vísu lagaheimild um sumu sjóðina, en nægur tími er að afla hennar á næsta þingi, því stofnun ríkisútvarps tekur eigi skemmri tíma en á aunað ár, og mun því ekki þörf stórrar handbærrar fólgu fyr en um næsta þing, þó þegar sje hafinn nauðsynlegur undirbúningur. Útvarpið á að bera sig sjálft, stofnkostnað og rekstur, þegar til lengdar lætur, og mun því hvorki örðugt að fá lán nje áhætta fyrir rikissjóð. Framkvæmdin þarf ekkert að tefjast, þó umrætt frv. dagi uppi eða verði felt, ef ríkisstjórnin heflr vilja til að hraða henni, en því treystir meiri hl. nefndarinnar til fulls. Meiri hlutinn leggur því til, að frv. verði afgreitt með svofeldri

DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin geri ráðstafanir um nauðsynlegt lán til stofnunar og rekstrar ríkisútvarps og hrindi ríkisútvarpinu í framkvæmd svo fljótt sem auðið er, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 12. apríl 1928.

Ásg. Ásgeirsson,
form. og frsm.

Sveinn Ólafsson,
fundaskrifari.

Lárus Helgason.